

SAMÞYKKT

um stjórn og fundarsköp Kirkjubólshrepps.

I. KAFLI

Um skipan sveitarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Hreppsnefnd Kirkjubólshrepps er skipuð 5 hreppsnefndarmönnum kjörnum samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998, sbr. 8. og 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

2. gr.

Starfstímabil hreppsnefndar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Hreppsnefnd fer með stjórn Kirkjubólshrepps samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer hreppsnefndin með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum sveitarfélagsins að svo miklu leyti sem hreppsnefndin hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Hreppsnefnd skal gæta hagsmuna sveitarfélagsins og vera í fyrirsvari fyrir það og vinna að sameiginlegum velferðarmálum íbúa þess.

5. gr.

Hreppsnefnd skal annast þau verkefni sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum. Þá getur hreppsnefnd ákveðið að sveitarfélagið taki að sér verkefni sem varðar íbúa þess sérstaklega, enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Meðal verkefna hreppsnefndar Kirkjubólshrepps er:

1. Að kjósa oddvita og varaoddvita hreppsnefndar og aðrar nefndir ráð og stjórnir skv. V. kafla samþykktar þessarar, kjósa skoðunarmenn til að yfirfara ársreikninga hreppsins og ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki sem vinna skal að endurskoðun hjá sveitarfélaginu.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum hreppsins, og stofnana hans og fyrirtækja skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga og II. kafla samþykktar þessarar.
4. Að ákveða stjórnkerfi hreppsins og ráða starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu.

II. KAFLI

Um fundarsköp hreppsnefndar.

7. gr.

Fundi skal halda í hreppsnefnd að jafnaði einu sinni í mánuði og oftast ef þörf krefur að mati oddvita. Aldrei skal líða lengri tími á milli funda en tveir mánuðir og skylt er að halda

aukafund í sveitarstjórn ef a.m.k. þriðjungur hreppsnefndarmanna krefst þess, enda geri þeir grein fyrir ástæðum sínum.

8. gr.

Sá kjörinn fulltrúi í hreppsnefndinni sem á að baki lengstu setu í hreppsnefnd kveður hana saman til fyrsta fundar að afloknum sveitarstjórnarkosningum eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

Hafi tveir eða fleiri fulltrúar í hreppsnefnd átt jafnlengi setu fer aldursforseti þeirra með fundarboð skv. 1 mgr.

9. gr.

Oddviti hreppsnefndar, sbr. 13 gr., boðar hreppsnefndarfundi og ákveður jafnframt fundarstað hafi hreppsnefnd ekki gert það.

10. gr.

Íbúum hreppsins skal kunnert með auglýsingu hvar og hvenær hreppsnefndarfundir eru haldnir og hver dagskrá fundarins er. Miðað skal við að sem flestir íbúar hreppsins hafi greiðan aðgang að auglýsingunni.

Í upphafi kjörtímabils hreppsnefndar skal hreppsnefnd taka ákvörðun um hvernig fundir hennar verða auglýstir og með hvaða fyrirvara. Skal sú ákvörðun kynnt íbúum hreppsins með tryggunum hætti, svo sem í dreifibréfi eða auglýsingu í staðbundnu fréttablaði.

11. gr.

Oddviti hreppsnefndar semur dagskrá hreppsnefndarfunda og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá hreppsnefndarfundar skal taka:

1. Lögákvæðnar kosningar, svo sem kosningu oddvita og varaoddvita, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum hreppsins, svo og ráðningar starfsmanna í helstu stjórnunarstöður hjá hreppnum.
2. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna á vegum hreppsins, sbr. 49. gr. sveitarstjórnarlaga.
3. Önnur mál sem falla undir verksvið hreppsnefndar og oddviti ákveður að taka á dagskrá eða einhver hreppsnefndarmaður óskar að tekin verði á dagskrá.

Dagskrá hreppsnefndarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna sem oddviti telur nauðsynleg til að sveitarstjórnarmenn geti undirbúið sig fyrir fundinn. Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta hreppsnefndarfundar.

12. gr.

Oddviti hreppsnefndar skal hafa sent hreppsnefndarmönnum fundarboð hreppsnefndarfundar ásamt dagskrá og fylgigögnum þannig að þau gögn berist þeim í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir hreppsnefndarfund.

13. gr.

Oddviti skal senda hreppsnefndarmönnum fundarboð aukafundar í hreppsnefnd þannig að það berist þeim ásamt dagskrá a.m.k. sólarhring fyrir fund.

14. gr.

Sá hreppsnefndarmaður er boðar til fyrsta fundar skv. 8. gr. setur fyrsta fund nýkjörinnar hreppsnefndar og stýrir honum uns oddviti hefur verið kjörinn.

Oddviti hreppsnefndar skal kjörinn til eins árs. Ef oddviti nýtur ekki lengur stuðnings meirihluta þeirra sem sæti eiga í hreppsnefnd skal hann víkja sæti og oddvitakjör fara fram á ný.

Sá er rétt kjörinn oddviti sem fengið hefur atkvæði meirihluta þeirra sem sæti eiga í hreppsnefnd. Verði þeim atkvæðafjöldi ekki náð skal kjósa að nýju um þá tvo sem flest atkvæði fengu.

Hafi þrír eða fleiri hreppsnefndarmenn fengið jafnmörg atkvæði skal varpa hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn oddviti sem fleiri atkvæði fær þó hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti kosningu.

Oddviti stjórnar kjöri varaoddvita hreppsnefndar og skal sömu aðferð beitt við kosningu hans, sbr. 3. mgr. Varaoddviti skal kjörinn til jafnlangs tíma og oddviti.

Tilkynna skal kjör oddvita og varaoddvita til félagsmálaráðuneytisins þegar að því loknu.

Sé hvorugur oddvita á fundi gegnir aldursforseti störfum oddvita nema hreppsnefnd ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef oddviti deyr eða verður varanlega forfallaður frá störfum skal kjósa oddvita í hans stað til loka kjörtímabils oddvita.

15. gr.

Hreppsnefndarfundur skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur eftir því sem húsrúm leyfir.

Hreppsnefndarfundur skal haldinn í húsnæði sem fullnægir ákvæðum skipulags- og byggingarlaga og byggingarreglugerðar um aðgang fatlaðs fólks.

Hreppsnefnd getur ákveðið að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis málsins, svo sem viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál sem æskilegt er vegna hagsmuna sveitarfélagsins að verði rædd fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur hreppsnefnd ákveðið að hreppsnefndarfundur þar sem eingöngu er rætt um slík mál verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í hreppsnefnd. Óheimilt er að skýra frá því sem kemur fram við umræður á lokuðum fundi í hreppsnefnd.

16. gr.

Hreppsnefndarfundur er lögmætur ef meira en helmingur hreppsnefndarmanna er mættur á fundinn og getur hreppsnefnd enga bindandi ályktun gert nema fundurinn sé lögmætur.

17. gr.

Oddviti hreppsnefndar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans, stjórnar umræðum og afgreiðslu mála og slítur fundi þegar dagskrá er tæmd. Jafnframt sér hann um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók hreppsnefndar og allar ályktanir séu rétt og nákvæmlega bókaðar.

Oddviti úrskurðar um skilning á fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrskurðar hreppsnefndar. Oddviti sér um að allt fari skipulega og löglega fram á hreppsnefndarfundum og er hreppsnefndarmönnum skylt að lúta valdi hans hvað varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfriði getur oddviti vísað honum úr fundarsal. Leyfi oddvita þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á hreppsnefndarfundum.

18. gr.

Mál eru tekin til umræðu og afgreidd í þeirri röð sem þau eru á dagskrá nema oddviti eða hreppsnefnd ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á hreppsnefndarfundum mál sem ekki hefur verið á dagskrá ef 2/3 viðstaddra hreppsnefndarmanna samþykkja slíkt afbrigði.

19. gr.

Hreppsnefndir afgreiðir að jafnaði mál við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlanir hreppsins, stofnana hans og fyrirtækja.
2. Ársreikninga hreppsins, stofnana hans og fyrirtækja.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir hreppinn er gilda eiga til lengri tíma, svo sem þriggja ára áætlanir og skipulags- og framkvæmdaáætlanir.
5. Tilkynningu til eftirlitsnefndar skv. 75. gr. sveitarstjórnarlaga.

20. gr.

Hreppsnefndarmanni er skylt að sækja alla hreppsnefndarfundum nema lögleg forföll hamli.

Sé hreppsnefndarmaður forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til oddvita sem boðar þá varamann hans á fund. Varamenn taka sæti í hreppsnefnd í þeirri röð sem þeir eru kosnir. Þar sem hreppsnefnd hefur verið kjörin í bundinni hlutfallskosningu taka varamenn sæti í þeirri röð sem þeir eru kosnir þegar aðalmenn þess lista sem þeir eru af forfallast. Ef framboðslisti er borinn fram af tveimur eða fleiri stjórnsmálaflokkum eða samtökum geta aðalmenn listans komið sér saman um mismunandi röð varamanna eftir því hver aðalmanna hefur forfallast.

Hreppsnefnd getur heimilað einstaklingi utan hreppsnefndar að taka til máls á sveitarstjórnarfundum.

21. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af.

Hreppsnefndarmenn eru ekki vanhæfir þegar verið er að velja fulltrúa til trúnaðarstarfa á vegum hreppsnefndarinnar eða ákveða þóknun fyrir slík störf.

Hreppsnefndarmenn sem jafnframt eru starfsmenn hreppsins og hafa sem slíkir átt þátt í að undirbúa tiltekið mál sem lagt er fyrir hreppsnefndina eru alltaf vanhæfir þegar hreppsnefndin fjallar um málið. Þetta á þó ekki við þegar hreppsnefndin fjallar um og afgreiðir fjárhagsáætlanir og ársreikninga hreppsins.

Hreppsnefndarmanni sem veit hæfi sitt orka tvímælis ber að vekja athygli hreppsnefndar á því. Hreppsnefndarmanni er heimilt við meðferð máls sem hann er vanhæfur að afgreiða að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Hreppsnefnd sker umræðulaust úr um hvort mál er svo vaxið að einhver hreppsnefndarmanna sé vanhæfur. Hreppsnefndarmaður sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt.

Hreppsnefndarmaður sem vanhæfur er við úrlausn máls skal yfirgefa fundarsal hreppsnefndar við meðferð og afgreiðslu þess.

22. gr.

Hreppsnefndarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á hreppsnefndarfundum. Hreppsnefndarmaður sem taka vill til máls skal óska heimildar oddvita. Að jafnaði skulu hreppsnefndarmenn taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu ef um er að ræða oddvita, framsögumann í máli eða hreppsnefndarmann sem óskar að

gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri hreppsnefndarmenn kvatt sér hljóðs samtímis ákveður oddviti í hvaða röð þeir skuli tala.

23. gr.

Hreppsnefndarmaður skal beina máli sínu til oddvita eða fundarins. Þegar til umræðu er fundargerð byggðarráðs, annarrar nefndar, ráðs eða stjórnar skal hreppsnefndarmaður taka fram hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Hreppsnefndarmaður má tala svo oft sem hann vill við hverja umræðu máls uns oddviti lokar mælendaskrá. Þó má hreppsnefndarmaður taka til máls eftir lokun mælendaskrár til að bera af sér ámæli eða til að gera athugasemd við fundarstjórn.

24. gr.

Beri hreppsnefndarmaður aðra menn brigslum skal oddviti víta hann. Oddviti getur lagt til við hreppsnefnd að hreppsnefndarmaður sem vittur hefur verið tvisvar á sama fundi verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hlýðnist hreppsnefndarmaður ekki úrskurði oddvita eða hreppsnefndar eða ef óregla kemur upp á fundi skal oddviti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi ef nauðsyn krefur.

25. gr.

Telji oddviti umræður dragast úr hófi fram takmarkar hann ræðutíma hvers hreppsnefndarmanns svo umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver hreppsnefndarmaður getur og borið fram slíkar tillögur. Hreppsnefnd afgreiðir tillögur um takmörkun ræðutíma umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo að hún standi skemur en tvær klukkustundir ef einhver hreppsnefndarmaður kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

26. gr.

Hreppsnefndarmaður getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem er til umræðu á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar ef oddviti óskar. Oddviti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

27. gr.

Mál er afgreitt í hreppsnefnd með því að samþykkja eða fella það, vísa því frá hreppsnefnd eða vísa því til afgreiðslu annarrar nefndar, ráðs eða stjórnar eða oddvita sveitarfélagsins. Máli sem hreppsnefnd ber að afgreiða verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra. Hreppsnefnd er heimilt að fresta afgreiðslu máls nema um sé að ræða mál sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

28. gr.

Atkvæðagreiðsla á hreppsnefndarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Oddviti biður þá sveitarstjórnarmenn sem samþykkja mál að rétta upp hönd sína. Að því búnu leitar oddviti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir oddviti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef málið er svo vaxið að oddviti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu ef hreppsnefndarmaður óskar og hreppsnefnd samþykkir.

Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

29. gr.

Á hreppsnefndarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hjúseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og móti því fellur það en við kosningar ræður hlutkesti.

30. gr.

Hreppsnefnd getur ráðið sérstakan fundarritara utan hreppsnefndar til að annast ritun fundargerða í gerðabók hreppsnefndar. Í fundargerð skal getið hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda nægir að skrá í fundargerð hreppsnefndar um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda töluliða.

Mál sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi skal skrá sem trúnaðarmál.

Í lok fundargerðar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir fundarmenn undirrita hana nema hreppsnefnd ákveði annað.

Hreppsnefndarmaður sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Hreppsnefnd getur ákveðið að umræður á hreppsnefndarfundum verði hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið skal hreppsnefnd setja um það nánari reglur.

III. KAFLI

Um réttindi og skyldur hreppsnefndarmanna.

31. gr.

Hreppsnefndarmanni er bæði rétt og skylt að sækja fundi hreppsnefndar nema lögmæt forföll hamli.

Aðal- og varamönnum í hreppsnefnd er skylt að taka kjöri í nefnd, ráð eða stjórn á vegum sveitarfélagsins. Hver hreppsnefndarmaður er skyldur til að taka að sér þau störf sem hreppsnefnd felur honum og varða verkefni hreppsnefndarinnar, svo sem oddvitastörf. Þó getur sá sem verið hefur oddviti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í byggðaráði eða annarri nefnd sama tímabil skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

32. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að gegna störfum sínum í hreppsnefnd af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna sveitarfélagsins en í störfum sínum sem hreppsnefndarmaður einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

33. gr.

Hreppsnefndarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum hreppsnefndar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Hreppsnefndarmanni er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál sem hreppsnefnd er að lögum skylt að afgreiða, svo sem fjárhagsáætlun,

ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur oddviti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu ef minna en helmingur hreppsnefndarmanna tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

Hreppsnefndarmaður á rétt á að fá mál skv. 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá hreppsnefndarfundar enda tilkynni hann það oddvita skriflega a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

34. gr.

Hreppsnefndarmaður á aðgang að bókum og skjölum sveitarfélagsins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum þess á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

35. gr.

Hreppsnefndarmaður á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til þeirra mála sem til umræðu eru í hreppsnefnd.

36. gr.

Hreppsnefndarmaður skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls.

Þagnarskyldan helst áfram eftir að hreppsnefndarmaður lætur af þeim störfum.

37. gr.

Nú telur hreppsnefndarmaður sig ekki geta gegnt skyldum sínum í hreppsnefnd án óhæfilegs álags og getur hreppsnefndin þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Missi fulltrúi í hreppsnefnd kjörgengi skal hann víkja úr hreppsnefndinni, sbr. þó ákvæði 4. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Nú er hreppsnefndarmaður af einhverjum ástæðum sviptur fjárforræði, svo sem ef bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta, og skal hreppsnefndin þá veita honum lausn frá störfum þann tíma er sviptingin gildir.

38. gr.

Hreppsnefndarmaður skal fá hæfilega þóknun úr hreppssjóði fyrir störf sín í hreppsnefnd. Ef um langan veg er að fara milli heimilis hreppsnefndarmanns og fundarstaðar hreppsnefndar getur hreppsnefndin auk þess ákveðið að hann skuli fá hæfilega greiðslu vegna ferðakostnaðar. Takist hreppsnefndarmaður á hendur ferð á vegum sveitarfélagsins samkvæmt ákvörðun hreppsnefndarinnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Hreppsnefnd setur nánari reglur um greiðslur skv. 1. mgr.

39. gr.

Haga skal fundum hreppsnefndar þannig að hreppsnefndarmenn eigi möguleika á að taka sér orlof árlega.

40. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur hreppsnefndarmanna gilda einnig um varamenn sem taka sæti í hreppsnefnd.

IV. KAFLI
Nefndir, ráð og stjórnir.

41. gr.

Hreppsnefnd kýs fulltrúa í nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar bundnar hlutfallskosningar ef einhver hreppsnefndarmaður óskar þess.

Starfsmenn fyrirtækja og stofnana hreppsins eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana er þeir starfa hjá.

42. gr.

Á fyrsta fundi nefndar skal kjósa formann, varaformann og ritara nefndar nema lög eða hreppsnefndin ákveði annað.

Oddviti hreppsnefndar boðar nefnd saman til fyrsta fundar eða ákveður hver skuli gera það nema formaður hafi áður verið valinn af hreppsnefnd. Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

43. gr.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr sveitarfélaginu, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega tekur varamaður hans sæti nema hreppsnefnd ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðsaðilar haft samstarf um nefndarkosningar skal sá sem tilnefndi viðkomandi nefndarmann einnig tilnefna varamann hans sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu skv. 2. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

44. gr.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn hreppsins. Enn fremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

45. gr.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði II. og III. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins eftir því sem við á.

46. gr.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum hreppsnefndar.

Hreppsnefnd getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið hreppsnefnd til ákvörðunar.

47. gr.

Nefndir, ráð og stjórnir skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Nefnd getur þó ráðið sérstakan fundarritara utan nefndar. Um ritun fundargerða nefnda, ráða og stjórna gilda sömu reglur og um ritun fundargerða hreppsnefndarinnar.

48. gr.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna hreppsins skulu teknar á dagskrá hreppsnefndar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að loknum nefndarfundum. Ef fundargerðir innihalda ekki

ályktanir eða tillögur sem þarfnast sérstakrar staðfestingar hreppsnefndar eru fundargerðirnar lagðar fram til kynningar. Ef ályktanir eða tillögur þarfnast staðfestingar hreppsnefndar þarf að taka það sérstaklega fram. Hafi ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar í för með sér fjárútlát umfram áður veittar heimildir skal ályktunin ætíð lögð fyrir hreppsnefndina.

49. gr.

Hreppsnefnd kýs fulltrúa í eftirtalin ráð, nefndir og embætti:

A. **Til eins árs.** Á fundi í júní ár hvert:

1. *Fulltrúa í hússtjórn Sævangs.* Einn aðalmaður og annar til vara.
2. *Fulltrúa á Fjórðungsbíng Vestfirðinga.* Kosið skal samkvæmt lögum Fjórðungs-sambandsins.

B. **Til fjögurra ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi að loknum sveitarstjórnarkosningum:

1. *Búffjäreftirlitsmaður.* Einn aðalmaður og annar til vara skv. 9. gr. laga um búfjárhald o.fl. nr. 46/1991.
2. *Skipulags- og bygginganefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.
3. *Héraðsnefnd Strandasýslu.* Einn aðalmaður og annar til vara skv. 6. gr. samþykktá héraðsnefndar.
4. *Félagsmálanefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Nefndin fer einnig með hlutverk húsnæðisnefndar skv. 6. gr. laga um húsnæðismál nr. 44/1998, jafnréttisnefndar skv. 10. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000 og þjónustuhóps við aldraða, sbr. 7. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999.
5. *Kjörstjórn.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998 og 15. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000.
6. *Skoðunarmenn.* Tveir aðalmenn og tveir til vara skv. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.
7. *Skólanefnd grunnskóla, leikskóla og tónlistarskóla.* Einn aðalmaður og annar til vara skv. 13. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995 samkvæmt lögum um leikskóla nr. 78/1994 og samkvæmt lögum um stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985.
8. *Stjórn Sparisjóðs Strandamanna.* Einn aðalmaður og annar til vara skv. 36. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði nr. 43/1993 og samþykktum sparisjóðsins.
9. *Stjórn Lestrarfélags Kirkjubólshrepps.* Einn aðalmaður og annar til vara skv. 7. gr. laga um almenningubókasöfn nr. 36/1997.
10. *Meindýraeyðir Kirkjubólshrepps.* Einn aðalmaður og annar til vara.
11. *Barnaverndarnefnd.* Héraðsnefnd Strandasýslu kýs í barnaverndarnefnd á héraðs-grundvelli.
12. *Stjórn heilsugæslustöðvar.* Héraðsnefnd Strandasýslu kýs þrjá fulltrúa og jafnmarga til vara f.h. sveitarfélaganna á starfssvæði Heilbrigðisstofnunar Hólmavíkur skv. 21. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990.
13. *Heilbrigðisnefnd.* Fjórðungsbíng Vestfirðinga kýs fimm aðalmenn og jafnmarga til vara skv. 11. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

50. gr.

Hreppsnefnd getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður við lok kjörtímabils hreppsnefndarinnar og fyrr ef verkefni nefndar er lokið. Hreppsnefnd getur einnig afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

V. KAFLI

Um framkvæmdarstjórn og starfslið hreppsins.

51. gr.

Oddviti hefur með höndum daglega stjórn sveitarfélagsins, undirbýr fundi hreppsnefndar, annast framkvæmd ákvarðana hreppsnefndar og annarra málefna hreppsins, svo sem bréfa-skipti, gjaldheimtu og reikningshald.

Laun oddvita skulu ákveðin sérstaklega af hreppsnefndinni. Skulu launin endurskoðuð reglulega í samræmi við almennar launabreytingar í landinu.

Ef um er að ræða sérstakar, umfangsmiklar og tímabundnar framkvæmdir á vegum hreppsins sem oddviti sér um á hann rétt á sérstakri þóknun fyrir þau störf samkvæmt ákvörðun hreppsnefndar. Láti oddviti í té húsnæði og aðra aðstöðu vegna skrifstofuhalds og fundahalda í þágu hreppsins á hann rétt á sérstakri greiðslu fyrir þá þjónustu.

Um ráðningu lausráðinna starfsmanna fer eftir reglum sem hreppsnefnd setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarfélaga.

52. gr.

Um starfskjör og réttindi og skyldur starfsmanna hreppsins fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og/eða ákvæðum ráðningarsamninga.

VI. KAFLI

Um fjármálastjórn Kirkjubólshrepps.

53. gr.

Fyrir lok janúarmánaðar ár hvert skal hreppsnefnd afgreiða fjárhagsáætlun hreppssjóðs, fyrirtækja og stofnana hreppsins fyrir yfirstandandi ár að undangengnum tveimur umræðum í hreppsnefnd. Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun fyrir lok frestsins skal sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreiknings. Í fjárhagsáætlun skal koma fram rekstrar- og framkvæmdaáætlun, áætlun um efnahag í upphafi og lok árs, auk áætlaðra fjármagnshreyfinga.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur hreppsnefnd ákvarðanir um nýtingu tekjustofna hreppssjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármuna á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu hreppssjóðs í byrjun fjárhagsársins.

Hreppsnefndin skal árlega gæta þess svo sem kostur er að heildarútgjöld sveitarfélagsins, þar með talin rekstrarútgjöld, fari ekki fram úr heildartekjum þess.

54. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 54. gr. skal vera meginregla um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjármálastjórn sveitarfélagsins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr sveitarsjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, samningsbundin eða samþykkt af hreppsnefndinni.

Samþykki hreppsnefnd fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar skal hún jafnframt taka ákvörðun um hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda, svo sem með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé. Samþykki slíkrar fjárveitingar telst breyting á fjárhagsáætluninni.

55. gr.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst er hreppsnefnd heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slikar breytingar afgreiðir hreppsnefnd við eina umræðu á hreppsnefndarfundum, enda hafi breytingartillögurnar verið sendar öllum fulltrúum í hreppsnefnd með dagskrá viðkomandi hreppsnefndarfundar.

56. gr.

Til viðbótar árlegri fjárhagsáætlun skal hreppsnefnd semja og fjalla um þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál sveitarfélagsins. Þessi þriggja ára áætlun skal vera rammi um árlegar fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins. Skal hún unnin og afgreidd af hreppsnefnd innan eins mánaðar frá afgreiðslu árlegrar fjárhagsáætlunar.

57. gr.

Strax að lokinni afgreiðslu hreppsnefndarinnar skal senda félagsmálaráðuneytinu fjárhagsáætlun skv. 54. gr. og þriggja ára áætlun skv. 56. gr. Sama á við um endurskoðaða áætlun eða breytta skv. 55. gr.

58. gr.

Ársreikningur hreppsins skal fullgerður, endurskoðaður og tilbúinn til afgreiðslu í hreppsnefnd fyrir lok aprílmánaðar.

Hreppsnefnd skal taka til umfjöllunar og afgreiðslu álit, greinargerðir og tillögur endurskoðanda og skoðunarmanna.

Hreppsnefnd skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga hreppssjóðs, stofnana hreppsins og fyrirtækja hans eigi síðar en 1. júní ár hvert. Hreppsnefndarmenn skulu árita ársreikninginn.

Eintak af ársreikningnum skal senda félagsmálaráðuneytinu og Hagstofu Íslands fyrir 15. júní ár hvert ásamt greinargerð endurskoðanda og skoðunarmanna.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Kirkjubólshrepps samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 19. mars 2001.

F. h. r.

Sigríður Lillý Baldursdóttir.

Guðjón Bragason.